

**Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar**

**Ingibjörg Guðlaugsdóttir
básúna**

**Judith Þorbergsson
píanó**

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Priðjudaginn 25. júlí 2000 kl. 20:30

Ingibjörg Guðlaugsdóttir er fædd 1973 og byrjaði að leika á básúnu 13 ára gömul í skólahljómsveit Kópavogs. Þar fékk hún leiðsögn hjá Birni Guðjónssyni og Össuri Geirssyni. Árið 1991 innritaðist hún í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, þar sem kennari hennar var Sigurður S. Þorbergsson. Ingibjörg lauk burtfararprófi árið 1995 frá Tónskólanum og stundaði síðan nám við Tónlistarháskólana í Gautaborg og í Kaupmannahöfn. Kennarar hennar voru Ingemar Roos og Torbjörn Kroon. Ingibjörg lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Tónlistarháskólans í Gautaborg sumarið 1999 og hélt einleikstónleika með Judith Þorbergsson í Salnum í Kópavogi í október síðastliðnum.

Judith Þorbergsson fæddist í London 1965. Hún lærði á píanó, fagott og barokkfagott og útskrifaðist frá Guildhall School of Music and Drama árið 1988. Ari síðar fluttist Judith til Íslands og hefur starfað hér sem píanóleikari, fagottleikari og píanókennari. Judith hefur starfað við Söngskólan í Reykjavík og kennir nú við Tónskóla Sigursveins. Hún hefur annast píanóundirleik fyrir ýmsa tónlistarmenn og kóra, er t.d. fastur undirleikari Reykjalandarkórsins. Judith hefur komið víða fram, meðal annars með Bachsveitinni í Skálholti, í Íslensku Óperunni og með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Efnisskrá

Alessandro Besozzi
1702 - 1775

Sónata í B dúr fyrir altbásúnu og píanó
I Andante
II Allegro
III Larghetto
IV Allegretto

Axel Jørgensen
1881 - 1947

Rómansa fyrir básúnu og píanó, op. 21

Henri Tomasi
1901 - 1971

1. kafli úr konsert fyrir básúnu og hljómsveit
Andante et scherzo - valse

Joseph Jongen
1873 - 1953

Aria et Polonaise fyrir básúnu og píanó

Carl Maria von Weber
1786 - 1826

Rómansa fyrir básúnu og píanó